

60 að stjórnina, sjeu þær ábúendur þessara jarða. Stjórnin heldur gjörðabók
11. sept. fyrir sjóðinn og innfærir í hana skipulagsskrá þessa, einnig fundargerðir sínar og reikninga sjóðsins á hverju ári.

Reikningsár sjóðsins sje frá nýjári til nýjárs og leggjast reikningar hans árlega fyrir sýslufund Austur-Húnavatnssýslu til samþykta.

Stjórn sjóðsins skal árlega halda aðalfund sinn 4. nóvember og úthluta þá styrknum eftir bestu samviskusemi og þekkingu á högum manna, án þess umsóknir þurfi að liggja fyrir.

Leita skal stjórnarvaldastaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Flögu, 12. september 1920.

Stefán Magnússon. *Ingibjörg Magnúsdóttir.*

61
12. sept.

REGLUGJÖRÐ

um

hundahald í Reykjavík.

1. gr.

Á kaupstaðarlóð Reykjavíkur má enginn hafa hund, en annarsstaðar í lögsagnarumdæminu getur borgarstjóri leyft þarfahunda, og skal hver hund-eigandi hlíta ákvæðum reglugjörðar fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur um lækningu hunda af bandormum o. fl., 26. okt. 1910.

2. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 100—1000 krónum, og er hver hundur rjettdræpur, sem fyrirfinst í lögsagnarumdæminu, ef ekki er fengin heimild fyrir hann, nema hann fylgi utanbæjarmanni.

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 25. september 1924 og skal fyrir þann dag fá leyfi borgarstjóra fyrir þarfahunda.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, **61**
staðfestist hjer með ,samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924, og birtist til eftir- **12. sept.**
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. sept. 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

REGLUGJÖRÐ

um

62
17. sept.

**bræyting á reglugjörð um viðauka við hafnarreglugjörð fyrir Vestmanna-
eyjakaupstað frá 7. júní 1924.**

Samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 hefir ráðuneytið gefið út
eftirfarandi reglugjörð um bræyting á reglugjörð um viðauka við hafnar-
reglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 7. júní 1924:

Við 3. gr.

- a. liður orðist þannig: Vörur, sem á farmskrá skips, eru ákveðnar til annara
hafna en Vestmannaeyja, en eru látnar þar á land um stundarsakir
vegna skemda á skipi, eða í misgripum.
- e. liður falli burt, en í staðinn komi: C.: Hey.
- e. liður, bætist við bögglaþóstur.
- h. liður, bætist við málsgrein svohljóðandi: Landmenn teljast þeir, sem búa
á svæðinu frá Dyrhólaey til Þjórsár.

Við 6. gr.

Setningin „Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meiru“ o. s.
frv., verði þannig: Brot úr gjaldeiningu, sem nemur meiru en helmingi, telst
heil gjaldeining, en minna brot og hálf gjaldeining, sem hálf gjaldeining.

Við 7. gr.

Setningin „þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 10 aura“, falli burt,
en í staðinn komi: Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 25 aura.